

Umbótaáætlun vegna ytra mats.

Grunnskóli Hornafjarðar

Maí 2020



Inngangur

Í lok janúar 2020 gerðu starfsmenn Menntamálastofnunar í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, úttekt á starfsemi Grunnskóla Hornafjarðar. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Niðurstöður úttektarinnar voru settar fram í skýrslu sem var birt í febrúar 2020. Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og bent á tækifæri til umbóta. Í þessari umbótaáætlun er unnið með þau atriði sem matsaðilar leggja til að séu skoðaðir frekar.

Í kjölfar útgáfu matsskýrslu Menntamálastofnunar var hún kynnt fyrir starfsmönnum og foreldrum. Í framhaldi af því unnu starfsmenn, nemendaráð, skólaráð og fræðslu- og tómstundanevnd drög að umbótaáætlun sem lögð var fram til kynningar í skólasamfélaginu. Gert var ráð fyrir að lokaáætlun yrði tilbúin í apríl og fengi þá formlega afgreiðslu og samþykkt. Vegna Covid-19 og erfiðleika við að vinna í hópum dróst vinnan um mánuð. Þann 11. maí var umbótaáætlunin samþykkt á almennum starfsmannafundi og þann 18. og 19. maí samþykktu skólaráð og fræðslu og tómstundanevnd umbótaáætlunina.

Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Í umbótaáætluninni eru tillögur til úrbóta taldar fram í sömu röð og þær eru í skýrslunni. Í einhverjum tilfellum er búið að framkvæma það sem bent er á. Það kemur þá fram í áætluninni.

Grunnskóli Hornafjarðar þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina. Úttektin er afar gagnleg fyrir skólastarfið og gerir okkur kleift að gera gott skólastarf enn betra.

Þórgunnur Torfadóttir

Skólastjóri

Yfirlitsmynd fyrir Grunnskóla Hornafjarðar

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

1. Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla nánast öll viðmið aðalnámskrár.
- Stefnu skólans og sérstöðu er haldið á lofti og sýnileg í starfsháttum.
- Stjórnendur skapa svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans.
- Reglulega eru faglegir samstarfsfundir þar sem árangur og aðferðir eru ræddar.
- Unnið er markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu í skólasamfélaginu.
- Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu og lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum og fréttum.
- Samskipti við grenndarsamfélagið eru fjölbreytt og markviss.
- Efnt er reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.
- Niðurstöður mats og mælinga eru markvisst nýttar til umbóta.
- Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, leystur sem fyrst.
- Skólastjórnendur vinna með sveitarfélaginu að því að skapa heilbriggt og öruggt umhverfi í skólanum.
- Nemendur taka þátt í lögboðnum ráðum eins og skólaráði og nemendaráði en einnig umhverfisráði og hugmyndaráði.
- Stjórnendur funda reglulega og verkaskipting þeirra er skráð og öllum ljós.
- Gátlisti vegna móttöku nýrra starfsmanna er til staðar og þeir fá stuðning og tengilið innan starfshópsins.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.
- Stjórnendur hveja starfsmenn til að sækja sér faglega handleiðslu og huga að heilsu sinni.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólastefnu, þ.m.t. skólanámskrá.
- Kjósa alla fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti til tveggja ára í senn.
- Tilgreina markmið, leiðir, ábyrgðaraðila fræðslu, tímasetningar, þátttakendur og mat á árangri í símenntunaráætlun.
- Tryggja að nemendur á unglingastigi fái tilskilinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum og í vali.
- Kynna enn frekar stoðþjónustu skólans fyrir foreldrum.
- Virkja foreldra til þátttöku í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Setja fundargerðir teyma þar sem foreldrar eiga aðild að, svo sem umhverfisráðs, á heimasíðu skólans svo og markmið þess.
- Gera skólareglur sýnilegri í kennslurýmum skólans.

- Skólaráð haldi árlega opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið.
- Vinna með einkunnarorðin sem hluta af stefnu skólans og gera þau ljósari í vitund fólks.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²					
Huga að því að allir hagsmunaaðilar komi að endurskoðun skólustefnu, þ.m.t. skólanámskrá.	Allar stefnur og námskrár skólans eru unnar sameiginlega af starfsfólki skólans og lagðar undir starfsmannafund til samþykktar. Allar stefnur, skólanámskrár og önnur gögn eru lögð fyrir skólaráði og fræðslu- og tómstundanevnd og síðan er það staðfest á skjölunum sjálfum.	Vor 2020	Haust 2020	Skólastjórnendur	Haust 2021
Kjósa alla fulltrúa í skólaráð með lýðræðislegum hætti til tveggja ára í senn.	Nemendur úr nemendaráði bjóða sig fram í skólaráð til tveggja ára. Kjósa skal foreldra að vori í skólaráð.	Vor 2020	Haust 2021	Skólastjóri	Vor 2021
Tilgreina markmið, leiðir, ábyrgðaraðila fræðslu, tímasetningar, þátttakendur og mat á árangri í símenntunaráætlun.	Bætt við í símenntunaráætlunina markmiðum, leiðum, ábyrgðaraðilum fræðslu, tímasetningum, þátttakendum og mati á árangri.	Vor 2020	Vor 2020	Skólastjóri	Vor 2021 og metið með starfsfólki á hverju ári

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línunum eftir þörfum.

Tryggja að nemendur á unglíngastigi fái tilskilinn kennslustundafjöldi í list- og verkgreinum og í vali.	Nemendur í 7. - 10. bekk fá 7,5 stundir á viku í vali. Af þeim eru a.m.k. 6 stundir innan list og verkgreina. Stefnt er að því að auka val í samfélags- og náttúrufræðigreinum í 9. og 10. bekk veturinn 2020-2021.	Vor 2020	Haust 2020	Skólastjórnendur	Vor 2021
Kynna enn frekar stoðþjónustu skólans fyrir foreldrum.	Fræðslunefnd ætlar að koma með hugmyndir að því hvernig við getum kynnt stoðþjónustuna betur.	Vor 2020	Haust 2020	Skólastjórnendur	Haust 2021
Virkja foreldra til þátttöku í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.	Kynna skólaráð betur fyrir foreldrum svo þeir sækist frekar eftir því að sitja í því. Hafa almennan foreldrafund einu sinni á ári á vegum skólaráðs. Taka fyrir efni sem skipta máli og kynna skólaráð.	Vor 2020	Aldrei	Skólastjóri og foreldrar.	Vor 2021
Setja fundargerðir teyma þar sem foreldrar eiga aðild að, svo sem umhverfisráðs, á heimasíðu skólans svo og markmið þess.	Fundargerðir teyma verða settar inn á heimasíðu jafnóðum.	Vor 2020	Aldrei	Teymisstjórar	Haust 2021 og svo árlega
Gera skólareglur sýnilegri í kennslurýmum skólans.	Í kjölfar umræðu um skólareglur, bekkjarsáttmála og skólabrag á hverju hausti skal gera skólareglur og bekkjarsáttmála sýnilega í kennslurýmum.	Haust 2020	Haust 2020	Kennarar	Í upphafi hvers skólaárs.
Skólaráð haldi árlega opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið.	16. apríl var haldinn sameiginlegur foreldrafundur skólaráðs og fræðslunefndar og í framhaldinu	Vor 2020	Aldrei	Skólastjóri /skólaráð	2021 og svo árlega

	verður hann haldinn í febrúar/mars og þá mætti taka fyrir mál eins og ; <ul style="list-style-type: none"> • Skólabrag • Foreldrasamstarf • Skóladagatal • Niðurstöður skólapúlsins • Kynning á foreldrafélaginu. 				
Vinna með einkunnarorðin sem hluta af stefnu skólans og gera þau ljósari í vitund fólks.	Tala um gildi skólans í stað einkunnarorða skólans. Tala um gildi skólans í öllu mögulegu skólastarfi. Kennarar noti gildin meira í öllu skólastarfi.	Vor 2020	Aldrei	Allir	Teymi um heilbrigði og velferð vor 2021.

2. Nám og kennsla

Styrkleikar

- Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem þess þurfa og foreldrar og nemendur eiga þar aðild að.
- Lykilhæfni er gerð góð skil í bekkjarnámsskrám.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats til að auka framfarir nemenda.
- Stefna skólans um kennsluhætti er sýnileg í vettvangsathugunum.
- Kennslufræðileg hæfni kennara er sýnileg á vettvangi.
- Námsmat er fjölbreytt og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Nám og námsaðstæður styðja við sköpunarþörf nemenda.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í námi m.a. með fjölbreyttum námsferðum.
- Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Nemendur á unglíngastigi nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni í um þriðjungu kennslustunda á vettvangi.
- Nemendum er kennt að setja sér almenn markmið í námi.
- Nemendur nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar í námi.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Sjónarmiðum nemenda hvað varðar námsumhverfi og líðan er aflað á margvíslegan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þess að grunnþættir menntunar séu sýnilegir í kennsluáætlunum og bekkjarnámsskrám.
- Hvetja nemendur og foreldra til að kynna sér betur og nýta bekkjarnámsskrár til eflingar náms.
- Gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað í kennsluáætlunum og bekkjarnámsskrám.
- Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og geta þeirra í kennsluáætlunum.
- Auka samvinnu kennara þvert á árganga og milli námsgreina.
- Auka markvissa samvinnu, umræður og skoðanaskipti nemenda í kennslustundum.
- Efla fjölbreytni í kennsluháttum.
- Rýna og finna leiðir til að auka námsárangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.
- Hugsa að verkefnum fyrir nemendur sem sérstaklega beinast að áhugasviði þeirra og hæfileikum.

- Þjálfar nemendur í að taka þátt í nefndarstörfum og koma sjónarmiðum sínum þar á framfæri.
- Gera nemendur virkari þátttakendur í skipulagi náms.
- Samræma betur skráningu kennara í Mentor.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
Gæta þess að grunnþættir menntunar séu sýnilegir í kennsluáætlunum og bekkjarnámsskrám.	Mikilvægt að grunnþættirnir séu lagðir til grundvallar allri menntun í skólanum. Grunnþættir menntunar verða settir inn í bekkjarnámsskrár. Í framhaldi af því koma þeir inn í kennsluáætlanir.	Vor 2020	Haust 2020	Allir kennarar	LTÁ – teymið fer yfir vor 2021.
Hvetja nemendur og foreldra til að kynna sér betur og nýta bekkjarnámsskrár til eflingar náms.	Taka skóla- og bekkjarnámsskrár árlega fyrir í skólaráði til samþykktar. Kynna bekkjarnámsskrár betur fyrir nemendum og foreldrum. Minna á skólanámsskrána á kynningarfundum og í kennslu.	Vor 2020	Aldrei	Skólastjóri og kennarar	Haust 2021 í skólaráði og á kennarafundi.
Gera grein fyrir hvernig námsaðlögun er háttað í kennsluáætlunum og bekkjarnámsskrám.	Útskýring á námsaðlögun sett í bekkjarnámsskrá og í framhaldi af því í kennsluáætlun.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Kennarar	Við endurskoðun bekkjarnámsskráa og kennsluáætlana vor 2021. Sérkennarar fara yfir.
Gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda og geta þeirra í kennsluáætlunum.	Gæta þess að markmið í kennsluáætlunum séu skýr og kennarar temji sér að tala um markmið í upphafi og í lok kennslustundarinnar.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Kennarar	Að hausti ár hvert og í frammistöðumati.

	Þá er hægt að draga markmiðin saman til að fara yfir hvort nemendur hafi náð þeim eða ekki. Gott er að hafa markmiðin sjáanleg þannig að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir kennsluáætlunum.				
Auka samvinnu kennara þvert á árganga og milli námsgreina.	Farið verður af stað með að þróa teymisvinnu.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Stjórnendur og kennarar.	Með frammistöðumati. Rýnihópavinna að vori 2021.
Auka markvissa samvinnu, umræður og skoðanaskipti nemenda í kennslustundum.	Auka para- og hópinnu. Spyrja meira opinna spurninga og hvetja til bekkjarfunda. Efla samvinnunám, þemavinnu og nemendalýðræði.	Haust 2020	Alltaf í gangi	Kennarar og nemendur	Með sjálfsmati nemenda og kennara. Frammistöðumat. Rýnihópavinna að vori 2021.
Efla fjölbreytni í kennsluháttum.	Meiri samvinna starfsfólks ýtir undir fjölbreyttari kennsluhætti. Mikilvægt að koma til móts við fjölbreyttan hóp nemenda með fjölbreyttum kennsluáðferðum og það er auðveldara þegar fólk vinnur saman og deilir hugmyndum. Hafa reglulega námskeið um einstakar kennsluáðferðir. Leggja áherslu á áframhaldandi íþadvæðingu nemenda.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Kennarar	Með því að setja þetta í kennsluáætlanir og endurmeta þær árlega. Sjálfsmat nemenda og kennara. Vor 2021.
Rýna og finna leiðir til að auka námsárangur nemenda á samræmdum könnunarprófum.	Nemendur 9. bekkjar vorið 2020 eru vel yfir landsmeðaltali í öllum greinum samræmdra prófa. Hvernig	Vor 2020	Alltaf í endurskoðun	Kennarar og stjórnendur.	Árleg samræmd próf.

	<p>getum við nýtt okkur þær niðurstöður í að skoða ástæður?</p> <p>Gera markvissar áætlanir í kjölfar skimana og gæta þess að fylgja þeim eftir. Það verður að vera samvinnverkefni innan þess teymis sem vinnur með hvern og einn nemanda. Nota fjölbreyttari kennsluaðferðir og hjálpa nemendum að finna sinn námsstíl.</p> <p>Breyta kennsluaðferðum til að árangurinn sé betri. Ekki kenna nemendum efnið einungis fyrir samræmdu prófin, hvetja nemendur til að vera ákafari í að læra efnið. Efla metnað nemenda til að standa sig betur í námi meðal annars með því að leyfa þeim að fá meira frelsi til að velja hvenær og hvernig þau vilja læra. Gefa þeim tækifæri til að gera betur.</p>				
Huga að verkefnum fyrir nemendur sem sérstaklega beinast að áhugasviði þeirra og hæfileikum.	<p>Auka val hjá öllum nemendum innan greina t.d. í því hvernig þeir skila verkefnum. Kynna markmið kennslunnar fyrir nemendum og fá þá til að tengja markmiðin við sín áhugamál.</p> <p>Fjölga áhugasviðsverkefnum og fjölga val tímum. Fá nemendur til að tjá sig um áhugasvið sín og hæfileika.</p>	Haust 2020	Alltaf í endurskoðun	Kennarar	Metið árlega með sjálfsmati og frammistöðumati. Hægt að ræða þetta í foreldraviðtölum og með ferilmöppu.

	Ýta undir samvinnu starfsmanna og fá kennara sem eru duglegir að vinna með áhugasvið nemenda að deila þekkingu sinni með starfsfólkinu.				
Þjálfar nemendur í að taka þátt í nefndarstörfum og koma sjónarmiðum sínum þar á framfæri.	Koma á reglulegum bekkjarfundum þar sem nemendur læra fundarsköp. Kenna nemendum að færa rök fyrir máli sínu og hlusta á aðra. Efla rökræður innan skólans.	Haust 2020	Aldrei	Kennarar	Í rýnihópum kennara vorið 2021
Gera nemendur virkari þátttakendur í skipulagi náms.	Kynna markmið meira fyrir nemendum og fá þá til að koma með hugmyndir um það hvernig þeir geta náð þeim. Þjálfar nemendur í að meta sig sjálfa og setja sér markmið. Auka tíma þar sem nemendur geta unnið sjálfstætt. Vinna eftir markmiðum en ekki láta bækur stjórna. Vera með fjölbreyttar kennsluáferðir og val um viðfangsefni.	Haust 2020	Aldrei	Kennarar	Metið með sjálfsmati og frammistöðumati 2021.
Samræma betur skráningu kennara í Mentor.	Allir kennarar eiga að nota mentor. Þeir eiga að skrá heimavinnu, kennsluáætlarnir, ástundun og frammistöðu nemenda í Mentor. Í starfsmannalykli eru leiðbeinandi reglur fyrir kennara.	Haust 2020	Alltaf í gangi	Kennarar	Vor 2021 endurskoðað af starfsmönnum og foreldrum.

3. Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er álitid mikilvægt og er sjálfsgædur hluti af skólafarfinu.
- Víðtækt formlegt og óformlegt mat er til staðar og samofid skólafarfinu.
- Skólafarjörnendur meta nám og kennslu reglulega og veita endurgjöf.
- Innra matið byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir við gagnaöflun.
- Greinargerð um innra mat er til staðar á heimasíðu þar sem fram koma helstu upplýsingar um framkvæmd innra mats og helstu niðurstöður.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja aðkomu fulltrúa annarra starfsmanna, nemenda og foreldra að matsteymi skólans.
- Gera árlega innramatsáætlun þar sem koma fram markmið, leiðir, verkferlar og skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Skilgreina verkefni og leiðir til umbóta á grunni greininga og samræðna allra hagsmunaaðila.
- Leggja fram sjálfsmatsskýrslu þar sem fram kemur umfjöllun og mat allra þróunarverkefna og/eða annarra verkefni sem verið er að vinna að og þróa í skólafarfinu.
- Leggja fram tímasetta umbótaáætlun þar sem markmið og viðmið um árangur eru skilgreind, hverjir bera ábyrgð á verkefnum, þátttakendur svo og hvenær og hvernig árangur verður metinn.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III - Innra mat					
Tryggja aðkomu fulltrúa annarra starfsmanna, nemenda og foreldra að matsteymi skólans.	Vinna umbótaáætlun með nemendum. Vinna umbótaáætlun með foreldrum. Aðrir starfsmenn koma að vinnu við umbótaáætlun. Við sjáum ekki ástæðu til þess að þessir aðilar séu endilega hluti af matsteyminu sjálfu en mikilvægt að þeir geti komið með tillögur að því hvað ætti að meta og eins að umbótaáætlunum. Með því að	Vor 2020	Alltaf í gangi	Matsteymi og skólafarjóri	Sjálfsmatsteymi vorið 2021

	tengja matsteymið betur við skólaráð ætti rödd nemenda og foreldra t.d. að heyrast betur.				
Gera árlega innramatsáætlun þar sem koma fram markmið, leiðir, verkferlar og skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Unnið er að innramatsáætlun þar sem fram koma markmið, leiðir, verkferlar og skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Matsteymi skólans	Sjálfsmatsteymi vorið 2021
Skilgreina verkefni og leiðir til umbóta á grunni greininga og samræðna allra hagsmunaaðila.	Umbótaáætlun unnin eftir niðurstöðum kannana Skólapúlsins ásamt starfsmönnum, skólaráði og nemendum.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Matsteymi skólans	Sjálfsmatsteymi vorið 2021.
Leggja fram sjálfsmatsskýrslu þar sem fram kemur umfjöllun og mat allra þróunarverkefna og/eða annarra verkefni sem verið er að vinna að og þróa í skólalastarfinu.	Á vorin er farið yfir þróunaráætlanir í teymum með öllum starfsmönnum, þær metnar og lögð fram þróunaráætlun fyrir næsta skólaár.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Öll teymi skólans.	Sjálfsmatsteymi og önnur teymi vorið 2021.
Leggja fram tímasetta umbótaáætlun þar sem markmið og viðmið um árangur eru skilgreind, hverjir bera ábyrgð á verkefnum, þátttakendur svo og hvenær og hvernig árangur verður metinn.	Umbótaáætlanir eru unnar yfir allan veturinn í kjölfar niðurstaðna á innra mati. Þar koma fram markmið, viðmið um árangur og hverjir bera ábyrgð á verkefnum, þátttakendur og hvenær árangur verður metinn.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Matsteymi skólans	Sjálfsmatsteymi vorið 2021.

4. Skólabragur

Styrkleikar

- Með Uppeldi til ábyrgðar hefur skólinn mótað heildstæða stefnu um skólabrag.
- Komið er til móts við einstaklinga miðað við þroska og hæfileika hvers og eins.
- Stjórnendur og starfsmenn leggja áherslu á jákvæðan skólabrag.
- Samskipti milli starfsfólks, nemenda og foreldra einkennast af virðingu og gagnkvæmu trausti.
- Hugað er að jafnvægi milli vinnu, hvíldar, næringar og hreyfingar.
- Þróunaráætlun um velferð nær bæði til nemenda og starfsmanna.
- Nemendur taka þátt í ýmsum ráðum og nefndum og koma þar sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Eineltisáætlun og forvarnaráætlun eru til staðar og unnið er eftir þeim.
- Skólareglur eru kynntar árlega og sýnilegar í samskiptum innan skólans.

Tækifæri til umbóta

- Gera betur grein fyrir í skólanámskrá hvaða leiðir skólinn fer til að viðhalda jákvæðum skólabrag.
- Gæta þess að nemendur séu ætíð kosnir til tveggja ára í skólaráð og með lýðræðislegum hætti.
- Endurskoða skólareglur með öllum hagsmunaaðilum og gæta þess að viðurlög við skólareglum séu til samræmis við reglugerð.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið IV – Skólabragur</u>					
Gera betur grein fyrir í skólanámskrá hvaða leiðir skólinn fer til að viðhalda jákvæðum skólabrag.	Endurskoða skólanámskrá og draga fram þá þætti í skólastarfinu sem einkenna jákvæðan skólabrag.	Vor 2020	Haust 2020	Kennarar og stjórnendur.	Metið við endurskoðun skólanámskrár ár hvert.
Gæta þess að nemendur séu ætíð kosnir til tveggja ára í	Fá nemendur úr nemendaráði til að bjóða sig fram í skólaráð til tveggja ára.	Vor 2020	Alltaf í gangi	Skólastjóri.	Vor 2021

skólaráð og með lýðræðislegum hætti.					
Endurskoða skólareglur með öllum hagsmunaaðilum og gæta þess að viðurlög við skólareglum séu til samræmis við reglugerð.	Fræðslustjóri tekur að sér fyrir hönd fræðslunefndar að bera skólareglur saman við reglugerð um skólareglur.	Vor 2020	Haust 2020	Fræðslustjóri /skólastjóri	Vor 2021